

Fréttabréf 3

7. desember 2011

3. tbl. skólaárið 2011 — 2012

Ágætu foreldrar og forráðamenn nemenda í Grunnskólanum í Borgarnesi

Senn líður að jólafrí með tilheyrandi tilhlökkun og viðburðum. Í þessu bréfi verður farið yfir það sem framundan er fram á nýtt ár og eins fjallað um liðna viðburði, líkt og venja er á þessum vettvangi.

1. „Litlu jólin“

Litlu jólin verða haldin með hefðbundnum hætti hér í skólanum og í íþróttamiðstöðinni þriðjudaginn 20. desember. Nemendur mæta í skólann kl. 9 til stofujóla. Eiga þeir þar notalega stund með kennurum sínum í sínum heimastofum. Kl. 10:30 hefst dagskrá „Litlu jóla“ í íþróttamiðstöðinni á hinum hefðbundna helgileik í flutningi 3. bekkinga með aðstoð 4. bekkinga. Á eftir koma svo atriði frá 6. og 10. bekk. Að því loknu verður gengið í kring um jólatréð nokkra stund við fjörugan undirleik. Laust fyrir kl. 12 lýkur svo dagskránni og eru nemendur þá þar með komnir í jólafrí sem við vonum að þeir njóti. Í íþróttamiðstöðina eru allir hvattir til þess að koma sem það geta. Skólabíll fer úr Sandvík kl. 8:30 og 8:45. Síðan frá íþróttamiðstöð að samkomu lokinni. Skólabílar úr dreifbýli fara um einni klst. síðar en venjulega að morgni en heimferð um kl. 12.

2. Spurningakeppni grunnskólanna

Skólinn sendi lið í undankeppni vegna Spurningakeppni grunnskólanna sem haldin var í Hjálmakletti þriðjudaginn 29. nóvember. Var liðið skipað þeim Páli Einarssyni í 10. bekk, Hlöðver Hákonarsyni og Sandra Shabanssyni í 9. bekk. Stóðu þeir sig vel og enduðu í 2. sæti. Er þetta í fyrsta sinn sem skólinn tekur þátt í svona keppni og vonandi verður áframhald á því.

3. Eineiltiskönnun

Skólinn stóð fyrir kynningu á niðurstöðum eineltiskönnana sem gerðar hafa verið í skólanum. Því miður sáu einungis örfáir foreldrar sér fært að mæta, eru þeim færðar þakkir fyrir komuna og auðsýndan áhuga á málefnum. Þarna komu fram margskonar upplýsingar um liðan og upplifun nemenda í skólanum. Skv. fyrstu mælingu Skólapúl síns í vetur þá er skólinn að mælast nokkuð undir landsmeðaltali ef miðað er við þá þætti er lúta að einelti. Í eineltisteymi skólans eru Inga Margrét Skúladóttir, Helga Jensína Svavarsdóttir, Sigurður Örn Sigurðsson, Helena Björk Guðmundsdóttir og Hólmfríður Ólafsdóttir.

4. Starfsmannamál

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsliði skólans í haust. Ólafur Ágúst stuðningsfulltrúi og Helga Þorsteinsdóttir kennari hafa hætt störfum og eru þeim þökkúð góð störf í þágu skólans. Birna Hlín Guðjónsdóttir er komin í fæðingarorlof til vors. Nýir starfsmenn eru Agnes Hansen kennari, Lilja Gissurardóttir þroskaþjálfari, Abdelfattah Laaraibi starfsmaður í mötuneyti og Tómskundaskóla og Bergur Jónsson stuðningsfulltrúi. Eru þau boðin velkomin til starfa. Hilmar Már Arason aðstoðarskólalastjóri og Kolfinna Njálisdóttir sérkennari hafa nú í haust lokið meistaranámi frá HÍ og fyrir ári hafði Sóley Björk Sigurþórsdóttir deildarstjóri lokið slíku námi. Er þeim óskað til hamingju með áfangann. Geta má þess að starfsmenn eru almennt duglegir við að afla sér viðbótarmenntunar til viðhalds starfshæfni sinni.

5. Óskilamunir

Alltaf fellur eitthvað til að ómerktum fatnaði sem enginn virðist eiga. Ef nemendur eru að skilja eftir eða týna fatnaði þá er best að hafa samband við gangaverði í skólanum og fá að skoða. Þeir safna þessu saman til geymslu en svo er því sem ekki gengur út innan skólaársins komið t.d. til Rauða krossins.

6. Jólalískó

Hið árlega jólalískó sem nemendur í Grunnskóla Borgarfjarðar halda á Varmalandi verður núna fimmtudaginn 8. des. milli kl. 20 og 22:30. Þó nokkuð stór hópur nemenda úr 8. – 10. bekk fer þangað en lagt verður af stað kl. 19:30 frá skólanum.

7. Tómskundaskóli

Síðasti starfsdagur Tómskundaskóla fyrir jól er mánudagurinn 19. des. Hann opnar aftur miðvikudaginn 4. janúar.

8. Á nýju ári

Kennsla hefst aftur að afloknu jólaleyfi miðvikudaginn 4. janúar skv. stundaskrá.

Starfsfólk skólans sendir nemendum, forráðamönnum og öðrum íbúum Borgarbyggðar hugheilar jóla – og nýárskveðjur með þökkum fyrir árið sem er að líða.

Með bestu kveðjum

Kristján Gíslason skólalastjóri